

Ágæta stjórn LH og starfsmenn LH

Fyrirspurn um hvernig unnið hefur verið úr tillögu Funa frá síðasta Landsþingi varðandi TREC

Á landsþingi LH á Akureyri 2018 var tillaga okkar í Funa um næstu skref í útbreiðslu TREC samþykkt samhljóða. Tillagan er eftirfarandi:

61. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið á Akureyri 12. og 13. október 2018, samþykkir að stjórn LH standi fyrir fræðslu til hestamannafélaganna um TREC og bjóði uppá sérstakt námskeið til einstaklinga sem vilja taka að sér þjálfun á TREC fyrir hestamannafélögin.

Á landsþingi 2014 bárum við einnig upp eftirfarandi tillögu:

59. landsþing Landssambands hestamannafélaga haldið á Selfossi 17. til 18. október 2014, samþykkir að stjórn LH beiti sér fyrir áframhaldandi innleiðingu TREC hjá aðildarfélögum sínum með kynningu, fræðslu og heimsóknum fagmanna í greininni.

Hestamannafélagið Funi hefur staðið fyrir námskeiðum, þjálfun og keppnum í TREC frá 2014 með góðum árangri. Félagið hefur sjálft þýtt efni og staðfært reglurnar þar sem lítið hefur bólað á efni frá LH sem til stóð að gefa út. Fjallað hefur verið um TREC-starf Funa í Eiðfaxa, Bændablaðinu, Landanum hjá RÚV og N4 sjónvarpsstöð. Fulltrúar Funa hafa haldið kynningar, m.a. á Landsþingi LH á Selfossi. Við höfum boðið fram krafta okkar og vísað á Önnu Sonju Ágústsdóttur sem hefur borið hitann og þungan af TREC-starfi Funa. Anna hélt m.a. kynningu í Skagafirði í upphafi síðasta árs. Viðtökurnar hafa alltaf verið góðar og áhuginn mikill. Nú er svo komið að við teljum okkur ekki komast lengra með kynningu greinarinnar án frekari stuðnings frá LH. Það er mjög mikilvægt fyrir iðkendur TREC að fjölga iðkendum og félögum sem halda úti TREC.

Það er mat okkar að TREC uppfylli þörf fyrir skipulagðar æfingar og keppnir fyrir vana og óvana. Það hefur sýnt sig að TREC er sniðið að íslenska hestinum og hans arfleifð sem og íslenskri náttúru. Við teljum að í TREC liggi tækifæri til að efla og víkka út hestamenskuna á Íslandi og það er okkar skilningur frá síðustu Landsþingum að margir séu sammála okkur hvað það varðar

Við spyrjum stjórn og starfsmenn LH hvernig er staðan á þessu máli og hvernig hefur gengið að vinna úr samþykktum varðandi TREC frá 59. og 61. landsþingi LH?

F.h. stjórnar Funa

Valur Ásmundsson